

FORELDRAFÉLAG SANDGERÐISSKÓLA

2024

Janúar

1

Skipuleggjum árið

Fyrsti fundur ársins var haldinn 17.janúar. Góð mæting, skemmtilegar hugmyndir og mikil samstaða um að vilja gera vel og margt áhugavert rætt til þess að framkvæma í ár. Farið af stað með styrktarsöfnun fyrir Pool-borði fyrir skólann.

Febrúar

2

Skipulagning Páskaföndurs

Annar fundur ársins var haldinn 27.febrúar. Þá skipulagði félagið páskaföndur sem var á áætlun í mánuðinum á eftir. Hugmyndavinna af föndri, samveru foreldra og barna gekk vel. Arnar sat fund með nemendaráði skólans og fór viss hugmynda vinna í gang hvað þau vilja sjá gerast yfir árið.

Mars

3

Páskaföndur !

Foreldrafélagið skipulagði páskaföndur sem haldið var á sal skólans og var hugmyndin að foreldrar og börn ættu notalega stund saman að föndra eitthvað fallett fyrir páskahátíðina sem styttest óðum í. Mætingin var mjög góð og mikil ánægja virtist með samveruna.

Apríl

4

Skólahreysti

Foreldrafélagið veitti styrk upp á 140.000kr fyrir rútuferð nemenda á Skólahreysti. En flottir nemendur skólans tóku þátt í keppninni og stóðu sig ótrúlega vel.

Maí

5

Styrktarsöfnun

Styrktarsöfnun fyrir poolborði miðar vel, fjöldi styrktarbeiðna hafa verið sendar út. Nokkur frábær fyrirtæki hafa tekið vel í málstaðinn og miðar söfnuninni þokkalega. Skólamatúr styrkti um 50 þúsund til að mynda.

Júní

6

Vorhátíð

Vorhátíð Sandgerðisskóla fór fram og hjálpaði foreldrafélag til með fjárstuðningi og auka höndum til þess að allt gengi sem best. Frábær skemmtun fyrir nemendur og starfsfólk sem heppnaðist mjög vel.

July

7

Sumarfrí

August

8

Sumarfrí

September

9

October

10

Fundur

Foreldrafélagið hittist í október og skipulagði bæði Aðalfund, samveru fyrir jólin og fleira. Einnig var samþykkt að hækka félagsgjöldin úr 2000kr í 2500kr til þess að gæta jafnræðis á milli skóla í bæjarfélaginu.

November

11

Aðalfundur og samvera

Aðalfundur félagsins fer fram 21.nóvember kl 20 og verður haldin kósý samvera foreldra og barna á sal skólans 28.nóvember. Mun það vera síðasta verkefni ársins. Almenn ánægja er með störf stjórnarinnar yfir árið.

December

12